

Utánríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Sent í samráðsgátt stjórnvalda
Reykjavík, 29. apríl 2022

**Efni: Umsögn um mál nr. 78/2022, Hagsmunagæsla Íslands
gagnvart ESB – Forgangsmál 2022-2023.**

Bændasamtök Íslands vilja á þessu stigi koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri en telja jafnframt þörf á frekara samráði. Samtökin leggja mikla áherslu á að við innleiðingu regluverks á grundvelli EES samningsins sé horft sérstaklega til þess hvaða möguleikar eru til aðlögunar regluverksins að staðháttum og þess hvort undanþágur séu í regluverkinu sem geti átt við á Íslandi og sækjast ætti eftir.

Losun og kolefnisbinding sem tengjast landnotkun og Losunarheimildir:

Bændasamtök Íslands benda á að þennan flokk þarf að skoða vel í innleiðingarferlinu. Vara samtökin sérstaklega við því að með breytingum á skilgreiningum sé hætta á að útreikningar gefi ranga mynd af raunlosun frá landbúnaði. Vísast þar sérstaklega til þess hversu ólík samsetning lands er á Íslandi samanborið við flest ESB ríkin. Er þar átt við að heildarlandsvæði Íslands er um 10 milljón hektarar en af því eru einungis um 600 þúsund hektarar ræktanlegir eða um 6% og einungis um 120 þúsund hektarar þegar ræktaðir eða um 1,2%. Ef litið er til landa eins og Danmerkur þá er hlutfall ræktaðs lands nær 60% af heildarlandsvæði ríkisins.

Verður því að skoða vel áhrif þeirra breytinga sem reglugerðin kveður á um og hvaða áhrif þær hafa á skilgreiningu þess lands sem losun er metin út frá sem og hvaða áhrif breytingin kann að hafa á útreikninga varðandi losun frá landbúnaði í heild. Skoða verði sérstaklega í þessu ljósi að virkja möguleika til aðlögunar að staðháttum á Íslandi og hugsanleg undanþáguákvæði.

Neysluvatn

Bændasamtök Íslands telja þörf á nánari greiningu á áhrifum þeirra breytinga sem ný reglugerð hefur í för með sér. Skoða þurfi sérstaklega hvaða áhrif reglugerðin hafi á búfjárhald, neysluvatnsveitur til sveita og matvælaframleiðslu og þá umfang og eðli þeirra áhrifa.

Næringarmerkingar matvæla

Bændasamtök Íslands taka undir þau markmið sem fram koma um að regluverk sem þetta verði að geta tekið mið af staðháttum og þeim sjónarmiðum sem viðurkennd eru innanlands á þessu sviði. Greina verði á forstigum hver sé kostnaðarauki framleiðenda afurða vegna þeirra kvaða sem mögulega fylgi innleiðingu. Þá verði að horfa til þess að ekki verði lagðar meiri kvaðir á innlenda framleiðslu en innfluttar vörur til að tryggja samkeppnishæfni innlendar framleiðslu.

Sýklalyfjaónæmi

Bændasamtök Íslands taka undir það markmið að löggjafarferlið verði vakt að hvað þetta mál varðar og viðeigandi athugasemdum komið á framfæri við ESB. Þá verði að horfa til þess að ekki verði lagðar meiri kvaðir á innlenda framleiðslu en gert er gagnvart þeim aðilum sem standa að framleiðslu þeirra afurða sem fluttar eru inn til landsins, þannig að samkeppnishæfni innlendar framleiðslu sé tryggð.

Að öllu framangreindu virtu þá eru ábendingar samtakanna ekki tæmandi og áréttá samtökin ósk um nánara samráði um þessi mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur